



Nýársávarp  
forseta Íslands  
Sveins Björnssonar  
1. janúar 1948

Árið, sem var að kveðja, mun verða íslensku þjóðinni minnisstætt á fleiri hátt en einn. Það var gott ár fyrir landbúnaðinn á Norðurlandi og Austurlandi og svo mun og hafa verið um útgerð með stærri skipum. En þá er líka talið að mestu leyti. Óvenjulegir óþurrkar voru á Suðurlandi og nokkuð vestur um land, gerðu erfiða alla búskaparvinnu og skiluðu illri afkomu um afrakstur jarðarinnar. Síldveiðar brugðust fyrir Norðurlandi þriðja sumarið í röð, þótt nokkuð bætti úr sú mikla guðsgjöf, sem Hvalfjarðarsíldin er. Markaður fyrir íslenskar afurðir var svo, að á ýmsum sviðum var erfitt að fá greiddan kostnað við útflutningsframleiðsluna. Sumpart af þeim ástæðum þvarr erlendur gjaldeyrir til kaupa á ýmsum nauðsynjum.

Árið hefir því komið illa við okkur á efnahags- og fjármálasviðinu. En sæmilegur efnahagur og heilbrigð fjármál er sú undirstaða, sem allar þjóðir verða að byggja á sjálfstæði sitt, hversu hvítleitt sem það kann að vera að binda hugann um of við peninga.

Of mikil bölsýni er síst vænleg til björgunar. En því verður ekki neitað að við Íslendingar vorum veilir fyrir. Því olli verðbólgan og dýrtíðin, sem orðið hefir meiri hér á landi en í þeim löndum, sem við eigum mest viðskipti við og jafnframt þurfum að keppa við um sölu á framleiðslu okkar á ýmsum sviðum. Þrátt fyrir óttann við þessi fyrirbrigði sem gerði vart við sig snemma á árinu 1939, þegar ófriðarblikan sást á lofti, tókst stjórnmaflokki á Alþingi ekki nema í bili að ná samkomulagi um aðgerðir til raunhæfra úrbóta þótt gerðar hafi verið miklar tilraunir til þess að ná slíku samkomulagi öll þessi ár. Það er ekki mitt, að ásaka stjórnmaflokkana fyrir þetta, alla eða einstakan þeirra. Bak við þá stendur þjóðin, allur almenningur, sem hefir æðsta valdið og ræður því hvernig Alþingi er skipað á hverjum tíma. Og þjóðin hefir lifað í peningavímu undanfarin ár.

Það var óhjákvæmilegt að við Íslendingar yrðum að ganga gegnum prófraun. Vegna aðgerða setuliðsins og af öðrum styrjaldarorsökum, skapaðist hér óvenjuleg og vel borguð atvinna. Okkur barst meiri fjárstraumur en þekkst hafði áður. Menn áttuðu sig ekki nógu vel á því, að hér var um stundarfyrirbrigði að ræða, sem ekki gat haldist um aldur og eilífð. Það gat, ef rétt var á haldið, skapað okkur betri afstöðu en nokkur tíma fyrir til lífvænlegrar afkomu í framtíðinni. En það gat líka sýkt þjóðfélagið á vissum sviðum - og hefir gert það.

„Ekki skal gráta Björn bónda heldur safna liði,“ sagði Ólöf ríka, er maður hennar féll fyrir óvinahöndum. Hversu oft höfum við Íslendingar ekki þurft að beita þeirri hugsun, sem lá baki við orð þessarar íslensku konu, er erfiðleika hefir borið að

höndum? Ég vil óska þess að svo megi verða í erfiðleikum þeim, sem nú eru skollnir á eða steðja að.

Umfram allt megum við ekki láta barlóm, vesældarkennd, innbyrðis öfund og hatur milli einstaklinga og stétta og óánægju með það, ef hlutskipti okkar verður ekki eins gott, eins og þegar best gekk, lama okkur.

Í lögum nr. 10, 4. apríl 1939, voru sett ákvæði til þess að forðast ýmsa örðugleika ef stjórnöld kynni að skella á. En svo fór að þessum ákvæðum varð ekki haldið til lengdar. Enda hugsa ég helst að það hefði ekki verið réttlátt í mörgum tilfellum, né mögulegt.

Er verðbólgan og dýrtíðin fór að vaxa nokkru eftir stýrjaldarbyrjun, eða jafnvel fyrr, komu margir auga á hættuna. Voru gerðar tilraunir til að stemma stigu við henni, sem alþjóð er kunnugt. Ég minnst þess m.a., auk fyrri aðgerða, að erfiðlega gekk um stjórnarmyndun haustið 1942, barst mér sem ríkisstjóra, meðan á því þófi stóð, auglýsing um það, „að nauðsyn væri á því að stöðva dýrtíðina. Það væri vilji allra þingflokka. En fullkomin óvissa væri um það, hvort samkomulag gæti tekist um leiðirnar.“ Verðlagsvísitalan hafði þá hækkað gífurlega undanfarin misseri.

Er mér var tjáð að vonlaust væri um samkomulag á Alþingi um myndun nýrrar stjórnar í náinni framtíð, skipaði ég sem ríkisstjóri, svokallaða utanþingsstjórn, á þann hátt sem ég taldi þingræðislegan, þó sumir væru annarrar skoðunar um það efni. Skal ekki farið lengra út í þá sálma.

Sú stjórn lýsti, samdægurs skipun sinni, fyrir Alþingi þeirri stefnu sinni að takast á fangbrögðum við dýrtíð og verðbólgu. Henni tókst með nokkurri samvinnu við Alþingi, að halda dýrtíðinni í skefjum í nærri tvö ár. Er samvinnan brást við Alþingi, einmitt um það á hvern hátt skyldi reynt að halda dýrtíð og verðbólgu í skefjum, beiddist sú stjórn lausnar og ný stjórn var mynduð.

Ég hef rifjað þetta upp til þess að benda á, að allar götur frá því fyrir stýrjöldina, virðist hafa verið almennur vilji á því að spyrna fótum við verðbólgu og dýrtíð, þótt samkomulag um leiðirnar tækist ekki. Sá vilji átti auðvitað rætur sínar í ótta við hættu fyrir efnahag, og þar með sjálfstæði þjóðarinnar af þessum stýrjaldarfyrirbrigðum, sem gerðu vart við sig, ekki eingöngu hér á landi, heldur í flestum eða öllum löndum heims.

Ég minnst á það áðan að það mundi hvorki hafa verið réttlátt, í mörgum tilfellum, né mögulegt að halda uppi þeim váttryggingarákvæðum gegn verðbólgu og dýrtíð sem fólust í lögnum frá 4. apríl 1939.

Þegar þau lög voru sett höfðu farið á undan kreppuár með atvinnuleysi og þar af leiðandi meira framboði verkamanna til vinnu, en eftirspurn var. Því voru laun kaupþega yfirleitt með lægsta mótí.

Svo urðu þeir atburði hér á landi vorið 1940, sem enginn hafði hugsað sér í apríl 1939. Ég á við hernám Breta í maí 1940. Bretar, og síðar Bandaríkjamenn, töldu sér ríða lífið á því að koma hér upp svo fljótt sem unnt væri, ýmsum hernaðarframkvæmdum, hermanskálum, flugvöllum o.fl. Þeir mátu meira skjótar framkvæmdir en kostnaðinn. Þess vegna greiddu þeir, til þess að ná í nægilegt vinnuafli, Íslendingum herra kaup en þekkt hafði áður. Allt atvinnuleysi hvarf. Kaupmáttur almennings jókst og þar með kostur á bættum lífskjörum. - Auk þess að hækka öll vinnulaun, leiddi þetta af sér að almenningur greip fegins hendi möguleikann til bættra lífskjara og, margir, með því að skila minni vinnu en þeir voru vanir. Þetta breytta viðhorf, virtist gera ókleift að halda við sumum ákvæðum laganna frá apríl 1939.

Í kjölfar þessa skapaðist aukin verðbólga. Þess vegna hefði tæplega verið réttlátt að hindra hækkun á kaupum og verðlagi landbúnaðarafurða. En hér skaut upp höfðinu gamla sagan, sem Forn-Rómverjar orðuðu á þá leið, að fullkomið réttlæti gæti leitt af sér mesta ranglæti.

Það spratt upp ný stétt manna, sem oft voru kallaðir „gervimenn“, þ.e.a.s. menn, sem voru ófaglærðir, og þess vegna gátu ekki skilað nærri því jafngóðri vinnu, sem faglærðir menn og fengu þó vinnu greidda háu kaupum. Og kornungir menn, sem lítið eða ekkert höfðu lært til verka, fengu fullborgaða vinnu, án þess að þurfa að leggja að sér um að skila verki reyndra manna. Þeir *lærðu* aldrei að vinna, sumir þeirra.

Það er fyrirbrigði, sem mér vitanlega hefir ekki tekist að skipa á annan hátt í neinum nágrannalöndum okkar, frekar en hér á landi, að einhleypur maður skuli fá fyrir vinnu sína sömu laun, sem fjölskyldumaður, er hann gengur að sama verki. - Mér finnst frá þjóðfélagssjónarmiði nokkuð ranglæti í því, að einhleypur unglingur sem máskje sólundar talsverðum tekjum umfram nauðsynlegt lífsviðurværi í algerðan óþarfa skuli eiga rétt á sömu launum, sem fjölskyldumaðurinn, sem með sparsemi og með því að leggja oft hart að sér, er að ala upp þá kynslóð, sem á að erfa landið. Og í hópi þeirra manna eru oft menn með meiri reynslu og þekkingu, og skila því betra verki en unglingurinn. Það er erfitt að gera tillögur til úrbóta á þessu, m.a. vegna þess að sanngjarnt er, frá öðru sjónarmiði, að greidd séu sömu laun fyrir sömu vinnu, hvort sem um er að ræða karl eða konu, fjölskyldumann eða einhleypan mann. - En þetta á ekki við nema um sé að ræða *sömu* vinnu, en ekki ef á annað borðið er t.d. „gervimaður“, letingi, slæpingur eða óreglumaður.

„Ef oss mætti auðnast að gera oss fyrst ljóst *hvar* vér erum stödd, og *hvert* skuli stefna, þá væri auðveldara að ráða fram úr því, *hvað* gera skuli og með *hverjum* hætti.“

Þannig komst Abraham Lincoln Bandaríkjaforseti að orði fyrir tæpum 100 árum.

Ég hygg að segja megi með sannri að meira hafi verið gert hér á landi síðan haustið 1946, til þess að gera okkur öllum sem ljósast, *hvar* við erum stödd um fjármál, erlendan gjaldeyri o.fl., hvernig sem það kann að hafa tekist. - Með tilvísun til þess, sem ég sagði áður, virðist ekki um síðustu 7-8 ár hafa verið ágreiningur milli stjórnmalaflokkanna um að *stefna* bæri að því að halda í skefjum dýrtíð og verðbólgu. Þetta er og stefna núverandi ríkisstjórnar. Um nýsett lög, eftir tillögum ríkisstjórnarinnar um það, hvað gera skuli og *með hverjum hætti* og um framkvæmdir laganna mun þjóðin dæma. Það liggur utan við starfssvið mitt. En ég vil minna á það, sem fullkonnasta lýðræðisþjóð Evrópu kallar „fair trial.“ Að lofa reynslunni að skera úr hvernig lög og framkvæmdir reynast, áður en fordæmt sé. En að fordæma er að dæma fyrirfram óalandi og óferjandi það, sem reynslan ein, um nokkurt skeið, getur skorið úr, hvort rétt sé eða rangt, hentugt eða óhentugt.

Eitt hlýtur að orka mikils um framtíð okkar.

Eins og öllum er kunnugt, er það samanlögð vinna við framleiðsluna, sem skapar það verðmæti, sem öll þjóðin á að lifa á. Því meiri og verðmætari sem framleiðslan er, því betri verða lífskjör einstaklinganna, enda verði ekki of mikill ójöfnuður á skiptingu þeirra verðmæta, þótt fullur jöfnuður muni aldrei nást, og einnig að gætt sé hófs um ráðstöfun opinbers fjár, sem framleiðslan verður einnig að leggja fram. Ef minna er unnið og lélegri framleiðsla verður á boðstólum, hljóta af því að leiða rýrari lífskjör landsmanna.

Það sem framleiðsluafkoman byggist á, er *vinnan*, vinna þeirra einstaklinga þjóðfélagsins, sem eru vinnufærir. Nú er svo komið, bæði vegna ráðstafana löggjafarvaldsins og af öðrum orsökum, að hlutfallstala vinnandi fólks fer heldur lækkandi, samanborið við tölu þess fólks, sem lítið eða ekkert getur unnið, vegna aldurs, sjúkleika og annars. Hugsanarétt afleiðing af þessu ætti að vera sú, að vinnandi fólk yrði að leggja talsvert meira að sér nú en áður, ef ekki kæmi til aukin þekking og aukin tækni. En þótt þessi aukning kæmi til, hygg ég að við Íslendingar verðum aldrei svo ríkir, að við getum sleppt niður kröfum um góða og samviskusamlega vinnu borgaranna. Hér mun mega finna snögga bletti. Sem betur fer mun óhætt að fullyrða að mikill meirihluti vinnandi fólks á Íslandi, vinnur vel og samviskusamlega.

En undantekningar eru. Og eru þær, því miður, of margar.

Í þessu sambandi vil ég minnst á misnotkun margra á áfengi. Þeir eru til sem hafa orðið ofdrykkjunni svo að bráð, að þeir eru raunverulegir sjúklingar. Þeir bætast við tölu þeirra sjúklinga, sem þjóðfélagið verður að sjá fyrir, án þess þeir geti stundað vinnu og framleitt verðmæti nema takist að lækna þá. – Þá eru þeir sem oft stunda vinnu sína vel eða sæmilega, en fara á „túra“ með löngu eða skömmu millibili. – Hverfa þá frá vinnu einn dag eða fleiri, geta það orðið nokkuð margir dagar um árið hjá sumum.

Enn vil ég nefna misnotkun áfengis, sem fellur ekki undir það sem ég hefi minnst á og máske skýrist best með tveim dæmum, sem ég hefi kynnst.

Ég kom hingað heim í maí-mánuði 1940, eftir að hafa starfað í þjónustu Íslands erlendis nær tvo áratugi, og kynnst háttum margra þjóða. Þess vegna hefi ég máske verið næmari fyrir ýmsu, sem hér tíðkaðist, en aðrir, sem vanist höfðu því. – Ríkisstjórnin fól mér m.a. ýmiskonar milligöngu við breska sendiráðið út af vandamálum sem stöfuðu af hernámi Breta eða öðrum ófriðarástæðum. Í því sambandi þurfti ég dag nokkum nauðsynlega að ná tali af manni nokkrum. Tókst mér það ekki fyrir en daginn eftir. Ég gat því ekki stillt mig um að segja honum að þetta hafi komið sér mjög óþægilega. – Hann svaraði eitthvað á þá leið, að hann hafi haft gilda afsökun. Kunningi hans hefði átt afmæli daginn áður, og hóf af því tilefni hefði dregist fram undir morgun, menn verið kenndir og því ekki upplagðir til vinnu næsta dag. Ég vildi ekki telja þetta gilda afsökun, og urðum við ekki á eitt sáttir.

Fyrir nokkrum árum vann ungur maður við byggingar á Bessastöðum. Hann hafði afgang eftir vikuna 4-500 krónur. Á hádegi á hverjum laugardegi fór hann til Reykjavíkur, eins og aðrir, sem hann vann með, og kom ekki aftur fyrir en seinnipart mánudags, þá oft illa upplagður til vinnu og krónurnar voru eyddar. Ég spurði rosinn samverkamann hans, sem sagði mér frá þessu, í hvað hann hefði eytt tímanum og peningunum. Svárið var: Bíó, bíla og brennivín. Við þennan aumingja pilt voru fortölur, því miður, árangurslausar.

Sumir telja máske óviðeigandi að tala um slíkt, sem dæmin sýna, það sé skilningsleysi á þörf manna til að gera sér dagamun eða því um líkt. Ég tel þetta *þjóðarólán*, sem hægt sé að losa sig við að miklu leyti. Ef almenningsálitið hér á landi væri nógu sterkt, og ekki eins gjarnt til að líta mildum augum á slík mál eins og er – ég tel mig í því efni samsekan öðrum – gæti það orðið þeim, sem veikir eru fyrir, mikill styrkur. Og það gæti verið fróðlegt að vita, hve miklu fátækari þessi misnotkun á áfengi gerir okkur Íslendinga, auk annars böls, sem af því verður. Ég er sannfærður um að þessir menn gera þjóðina fátækari, og eiga sinn þátt í því að rýra lífskjör annarra.

Sumir eru þeir, sem telja vinnuna ekki blessun, heldur böll. Vilja helst vinna sem minnst, en fá sem hæst kaup. Þeir þekkja ekki það, sem ég tel einna mest virði fyrir

hvern mann, *vinnugleðina*. Ég held að jafnvel það, sem kallað er strit, færi mönnum meiri lífshamingju og leiði af sér betra, en lítil eða léleg vinnuafköst. Komið t.d. að Reykjalundi og sjáið ánægjuna hjá þeim, sem hafa fengið berklaveiki, við að mega vinna það, sem heilsan leyfir að læknisdómi.

Merkur Breti hefir komist svo að orði: „Leitaðu ekki að friði letingjans ... sá friður er friður dauðans.“ Íslenskur héraðslæknir, sem nýlega varð sjötugur komst svo að orði í blaðaviðtali: „Vel gæti ég t.d. trúað því, að ég sé svona unglegur eins og þú sagðir, að ég væri, vegna þessara erfiðleika (sífellt erilsamt strit sveitalæknis), úr því ég bilaði ekki fyrir þeim. Erfiðleikarnir stæla þróttinn. Það er bjarta hliðin á erfiðleikunum.“

Já, vinna, jafnvel mjög erfið vinna, veitir mönnum þroska, sem ekki fæst á annan hátt. – Spyrjið sjómennina okkar og bændurnar og marga, marga aðra, sem hafa reynt þetta.

Tækni nútímans, auknar samgöngur og aukin viðskipti milli þjóðanna á ótalmörgum sviðum, hafa sannfært marga um að þjóðir heimsins nálgist æ meir að verða líkt og ein fjölskylda. Ef ein þjóð á við bág kjör að búa hefir það áhrif, bein eða óbein, á allar þjóðir. Ef mörgum þjóðum líður illa, verða áhrifin enn meiri. Sumir vilja ekki festa hugann við þetta; hugsa aðeins um sjálfa sig eða sína eigin þjóð. Ef menn gera það ekki, heldur hugsa einnig um lífskjör annarra þjóða, er brautin rudd að vináttu við aðrar þjóðir, þótt af því leiði einhver óþægindi í bili. Heimurinn er miklu fátækari nú en fyrir styrjöldina. – Styrjöldin eyddi óhemju verðmætum, bæði á sviði efna, mannlífa og viðhorfi manna hvers til annars. Enginn má láta sér detta í hug að við Íslendingar getum verið ríkir, þegar flestar aðrar þjóðir verða að þola margskonar böll fátæktarinnar. Að við getum verið og hagað okkur eins og samúðarsnauðir kapítalistar, þegar öreigar eru allt í kringum okkur. Þótt við óskuðum að vera kapítalistar er aðrir eru fátækir, vantar okkur einnig allt bolmagn til þess, það bolmagn, sem kapítalistar um margar aldir hafa haft til þess að auðga sjálfa sig á kostnað annarra.

Ég las nýlega í ensku blaði fréttapistil frá Stokkhólmi. Þar segir m.a.:

„Svíþjóð lifir enn á birgðum, sem ekki fást endurnýjaðar. Fyrir tveim árum var ástandið í landinu glæsilegt. Svíum tókst að halda sér utan við styrjöldina og framleiddu mikið af nauðsynjavörum. Mikil eftirspurn var eftir útflutningsafurðum þeirra og þeir söfnuðu inneignum erlendis ... Nú er svo komið, að mjög hagstæður verslunarjöfnuður hefir á skömmum tíma breyst í mjög óhagstæðan verslunarjöfnuð.“

Þessi öndvegisþjóð Norðurlandanna, er þekkt fyrir hyggindi og forsjálni, og stendur mun framur okkur um þroska á sviði efnahagsmála, þjóðmála og ýmissa annarra menningarmála. Mér datt í hug er ég las þetta, hve líkt er nú komið með okkur Íslendingum og Svíum, þótt þeir séu okkur miklu fremri. Ástandið með flestum öðrum þjóðum er mun verr.

Ég fór hér með orð útlenda gestsins í Svíþjóð. Og gestsaugað er oft talið glögg. En hvað segja Svíar sjálfir? Forsætisráðherra þeirra komst m.a. svo að orði í haust:

„Svíar eru í miklum vanda staddir. Það þarf mikið átak og sameiningu allra krafta vorra til þess að komast yfir erfiðleikana. Það veldur áhyggju, hvernig mál hafa skipast á alþjóðavettvangi. Það er hætta á því, að fátæktin í Evrópu soga oss með í fátækt. Það er á valdi vor sjálfra, hvort svo fari.“

Björnstjerne Björnsson kvað, þýtt af Matthíasi Jochumssyni:

„Í norðurarmi fylkingar fána vorn má sjá,  
og frelsi, trú og þjóðlíf er skrifað þar á;  
sá Guð, sem gaf oss landið og lífsins kostaval,  
hann lifir í því verki, sem fólkið gjöra skal.

Vér mörgu, vér smáu, vér vinnum þetta verk,  
og vilji' ei hinir skilja, þá fram með týgin sterk!  
Það byrjaði sem blærinn, er bylgjum slær á rein,  
en brýzt nú fram sem stormur, svo hriktir í grein.

Og rokviðrið nálgast, fyr en nokkur veit af  
en nákalt og rjúkandi kveður við haf:  
Sú þjóð, sem veit sitt hlutverk, er helgast afl um heim,  
eins hátt sem lágt má falla fyrir kraftinum þeim.“

(Úr *Lýðhvöt*. Matthías Jochumsson: Ljóðmæli 1, 1902, bls. 248)

Þessi orð skáldsins, virðast samlandar hans, frændur vorir Norðmenn, hafa skilið. M.a. þess vegna hefir þeim gengið viðreisnarstarf sitt eftir hörmungar ófriðarins betur, en flestir bjuggust við.

Í þeirri von að Íslendingar skilji þetta einnig, óska ég öllum, sem heyra mál mitt, gleðilegs og farsæls nýárs.